

Hafnarfjarðarbær
Anna María Elíasdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, föstudagur, 4. febrúar 2022
UST202202-014/B.S.
10.05.04

Efni: Framkvæmdaleyfi - Suðurnesjalína 2. Drög. Umsögn

Vísað er til bréfs Hafnarfjarðarbæjar dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um útgáfu ofangreinds framkvæmdaleyfis.

Umhverfisstofnun hefur kynnt sér greinargerð bæjarstjórnar Hafnafjarðar sem stofnunin telur ítarlega. Umfjöllun um valkosti er góð sem og rökstuðningur fyrir því að velja valkost C sem er loftlína um Hrauntungur.

Að áliti Umhverfisstofnunar eru nú einna mikilvægustu rökin fyrir þessu leiðarvali þau að þegar hefur farið fram jarðvinna á þessari leið. Búið er að raska hrauninu og því væri afleitt úr því sem komið er að velja aðra leið eða aðra framkvæmd sem mundi raska hrauni enn frekar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædd drög,

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Axel Benediktsson
Sérfræðingur